



Dagsetning: 9. september 2023
Málsnúmer: 2309074/14.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Almenningssamgöngur í Fjarðabyggð 2024

Almenningssamgöngur eru stór þáttur í mörgum nútíma samfélögum. Í Fjarðabyggð hafa ýmsar tilraunir verðar gerðar við rekstur almenningssamgangna en með breyttu viðhorfi fólks til umhverfismála, aukinni samvinnu á milli stofnana í byggðakjörnum sveitarfélagsins og kröfum íbúa um gott skilvirkt kerfi til að geta sótt þjónustu á milli byggðakjarna hefur þungi þessarar umræðu sífellt aukist. Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag þar sem tryggja þarf greiðan aðgang íbúa að þjónustu þvert á byggðalagið. Þar leika almenningssamgöngur stórt hlutverk og mikilvægt að tryggja í sessi öflugt leiðakerfi. Með því skapast möguleikar til eflingar þjónustu, og jafnvel hagræðingar á einhverjum sviðum þegar fram líða stundir.

Haustið 2021 hófst tilraunaverkefni með nýtt kerfi almenningssamgangna í Fjarðabyggð. Tilraunaverkefninu var ætlað að leysa af hólmi þann frístundaakstur fyrir íþróttæfingar, fyrst og fremst knattspyrnu í Fjarðabyggðarhöllina, sem Fjarðabyggð hafði staðið fyrir um árabil. Einnig hafði Fjarðabyggð haldið úti skólaakstri fyrir Verkmenntaskóla Austurlands frá Reyðarfirði til Neskaupstaðar, auk ýmis annars tilfallandi aksturs. Erfitt hafði reynst fyrir íþróttafélög og frístundir að nýta sér þann akstur sem var enda var hann að þörfum þessara einstakra íþróttagreina og breytust aksturstímar og -dagar milli ára og anna. Það var því talið vera hagsmunamál fyrir sveitarfélagið að gera þessar rútuferðir skipulagðari og aðgengilegri fyrir öll íþrótt- og tómstundafélög, og jafnframt opna fyrir þann möguleika að almenningur gæti nýtt sér ferðirnar til að komast á milli staða, óháð tilgangi.

Tilraunverkefnið var byggt á skýrslu sem Verkfræðistofan EFLA vann að beiðn Fjarðabyggðar um nýtt leiðakerfi almenningssamgangna. Í skýrslunni voru lagðar til nokkrir möguleikar að nýju leiðakerfi í Fjarðabyggð. Sú leið sem valin var til byggði á tveimur akstursleiðum; Leið 1 sem ekur milli Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar og leið 2 sem ekur á milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar. Sumarið 2021 var ákveðið að gera verðkönnun meðal aksturaðila í Fjarðabyggð um akstur samkvæmt nýjum leiðatöflum. Verkefnið átti að standa út árið 2022, og að því loknu átti að meta árangur af kerfinu og byggja framtíðarkerfi almenningssamgangna á þeirri reynslunni sem til yrði. Síðast liðið haust var tekin ákvörðun um að framlengja tilraunaverkefninu til eins árs á grundvelli verðkönnunnar og láta það kerfi gilda út árið 2023. Eins og árið 2021 skiluðu tvö fyrirtæki inn tilboði – ÍS-Travel og Tanni Travel, á grundvelli þeirra ganga var gengið til samninga við ÍS-Travel sem hafa séð um aksturinn síðan.

Frá árinu 2021 hefur kerfið þróast í takt við þarfir notenda. Tímatöflum hefur verið breytt til að tryggja betri tengingar við nágrannasveitarfélög, settar voru fastar ferðir á suðurförðum að morgni og seinnipart, samstarf við Vegagerðinna varðandi þeirra leiðakerfi á suðurfjörðum Fjarðabyggðar og fleira.

Heildarkostnaður við almenningssamgöngukerfið á árinu 2023 stefnir í að verða um **80 milljónir kr.**



Framhald

Nú þarf að taka ákvörðun um framhald verkefnins, enda mun núverandi samningur renna út um áramót. Hér er lagt til að nota þá reynslu sem til hefur orðið í tilraunaverkfinu til að bjóða út akstur almenningssamgangna til næstu 3 ára, líkt og lagt var upp með í upphafi. Reynslan af því kerfi sem ekið hefur verið eftir hefur að mestu verið góð, og því óhætt að nota það sem grunn að því kerfi sem boðið yrði út

Hér er því lagt til að skipaður verði starfshópur til að undrbúa útboð, með það að markmiði að hægt verði að hefja útboðsferli í byrjun október 2023. Að undirbúningnum koma:

- Þórður Vilberg Guðmundsson, forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála
- Snorri Styrkárson, fjármálastjóri.
- Magnús Árni Gunnarsson, deildarstjóri íþróttamála.
- Haraldur Líndal Haraldsson, upplýsingafulltrúi.
- Rúnar Ingi Hjartarson, umhverfisfulltrúi.

Við undirbúning útboðsins mun verða horft til nokkura þátta m.a. að:

- Meta hvaða leið sé heppilegust varðandi útboðsferlið og ganga frá þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að hefja það ferli
- Meta tímatöflur, tíðni ferða, og hvaða breytingar þarf að gera í ljósi reynslu síðustu tveggja ára.
- Eiga samráði við íþrótt- og tómstundafélög í Fjarðabyggð varðandi þeirra þarfir og væntingar til kerfisins
- Eiga samráð við Verkmenntaskóla Austurlands varðandi notkun nemanda
- Meta árangur af pöntunarþjónustu á Suðurfjörðum
- Eiga samtal við Vegagerðina varðandi enn frekari samþættingu við leiðakerfi þeirra. Samningar Vegagerðinnar um sérleyfisakstur eru lausir um næstu áramót, og því ættu tækifæri að vera til staðar að samþætta þessi kerfi enn frekar.
- Skoða kynningu á kerfinu, hvernig hægt verður að gera það sýnilegra fyrir notendum
- Skoða og koma með tillögu að því hvernig utanumhald Fjarðabyggðar um kerfið verður best sinnt, þ.e. samskiptum við verktaka, notendur og annað þ.h.

Stefnt er að því að vinna þessa hluti nokkuð hratt næstu vikur og geta hafið útboðsferli í byrjun október, og geta þá gengið til samninga á grundvelli þess í nóvember. Akstur skv. nýju útboði muni svo hefjast við áramót.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

